

Mál nr. 339/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.

Slys viðskiptavinar á bifreiðastæði verslunar 22. desember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið 8. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. september 2015 ásamt fylgigögnum, þ.á.m. veðurupplýsingum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll í hálfu og hlaut líkamstjón á bifreiðastæði þegar hún var á leið út úr verslun X. M leitaði samdægurs til læknis vegna afleiðinga fallsins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins þar sem ekki hafi verið gerðar nægar varúðarráðstafanir við hálkuvörnir, t.d. að salta eða sanda, á bílastæði verslunar X. Einnig vísar M til þess að veðuraðstæður hafi verið þannig að hálfu hafi myndast og ekki hafi verið næg lýsing á bílastæðinu til að sjá hana. Einnig vísar M til Hrd. 419/1994 þar sem fjallað um athafnaskyldur verslunareigenda til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna.

V telur ósannað að það hafi verið glerhált við verslun X eða að M hafi fallið vegna hálkubletts á bílastæðinu í ljósi þess að X hafi ekki fengið upplýsingar um atvikið fyrr en nokkru eftir að það átti sér stað. Einnig vísar V til veðurupplýsinga á tjónsdegi og vísar því á bug að lýsingu hafi verið ábótavant á bifreiðastæðinu. Einnig telur V að ósannað sé að aðstæður hafi verið með þeim hætti að skaðabótaábyrgð X hafi vaknað, líta beri einnig til þess að M hafi verið á leið í bifreið sína, skv. lýsingu hennar sjálfrar, þegar hún féll við og hafi henni því átt að vera aðstæður á bifreiðastæðinu ljósar.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Í máli þessu liggja ekki fyrir umfangsmiklar upplýsingar um aðstæður á vettvangi í greint sinn né heldur upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til verslunareigenda um aðstæður í húsnæði verslana eða á bifreiðastæðum og verður ekki séð að X hafi vanrækt þær athafnaskyldur sem hvíla almennt á verslunareigendum um að tryggja öryggi vegfarenda. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.